

1917

Föstudaginn 29. október 1993.

Nr. 151/1991. **Lind hf.**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

Sundi hf. vegna

Þrotabús Skrifstofuvéla hf.

(Tryggvi Gunnarsson hrl.).

Ómerking. Dómari. Heimvísun. Hæfi

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. apríl 1991. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að viðurkenndur verði eignarhaldsréttur sinn yfir bifreiðunum DO-233, RX-671 og LH-253, en til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.837.331 krónu af óskiptri eign þrotabúsins með 21% ársvöxtum frá 26. nóvember 1990 til greiðsludags, þannig, að vextir taki breytingu samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða úrskurði. Þar kemur einnig fram, að áfrýjandi styður kröfur sínar meðal annars þeirri staðhæfingu, að skiptaráðanda og bústjóra þrotabús Skrifstofuvéla hf. hafi verið eða mátt vera kunnugt um það, áður en kaupsamningur um eignir þrotabúsins var gerður við stefnda, Sund hf., að áfrýjandi væri eigandi umræddra bifreiða, sbr. 2. mgr. 70. gr. þágildandi gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Samning þennan undirrituðu skiptaráðandi og bústjóri „f. h. seljanda“ þrotabús Skrifstofuvéla hf. Við þessar aðstæður hefði verið rétt, að skiptaráðandinn færi ekki með þetta ágreiningsmál, sbr. 1. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, er þá voru í gildi, og 135. gr. laga nr. 6/1978. Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og ómerkja meðferð málsins frá og með 18. febrúar 1991.

Er málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi og meðferð málsins frá og með 18. febrúar 1991 ómerkt. Er málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 18. mars 1991.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 18. febrúar sl.

Sóknaraðili, Lind hf., Reykjavík, kt. 610886-1679, gerir svofelldar kröfur:

1. aðallega, að viðurkenndur verði með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur eignarhaldsréttur sóknaraðila yfir bifreiðunum DO-233, RX-671 og LH-253,
2. til vara, að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða sóknaraðila 1.837.331 kr. af óskiptri eign búsins með 21% ársvöxtum frá 26. nóv. 1990 til greiðsludags, þannig, að vextir taki breytingu skv. 10. og 12. gr. 1. nr. 25/1987.
3. Málskostnaður. Í báðum ofangreindum tilfellum er þess krafist, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins, og er þess krafist, að hann beri vexti fimmtán dögum eftir uppkvaðningu úrskurðar.

Varnaraðili, Sund hf., Reykjavík, vegna þrotabús Skrifstofuvéla hf., Reykjavík, krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað að mati réttarins, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá fimmtánda degi eftir uppkvaðningu úrskurðar til greiðsludags.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila í máli þessu, Lindar hf., er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.